

MÁGUSARTÍÐ INNDI

2020

HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



KVH er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. KVH vinnur að bættum kjörum og réttindum, óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

Kynntu þér málið - vertu með !

KVH

KJARAFÉLAG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



www.kjarafelag.is

Stjórn

Efsti röð: Haukur Andri Grímsson, Jón Lárus Stefánsson, Egill Þór Eyþórsson.

Miðju röð: Berglind María Sigurbjörnsdóttir, Rafn Karlsson, Unnar Magnússon.

Neðsti röð: Áróra Líf Kjerúlf, Sindri A Van Kasteren, Hildur María Marteinsdóttir.



Ritnefnd

Efri röð: Birta Eik F. Óskarsdóttir, Hilmar Orri Jóhannsson, Elín Sveinsdóttir.

Neðri röð: Rakel Ýr Jónsdóttir, Hildur María Marteinsdóttir (formaður), Sigrún Linda Baldursdóttir



Stjórnin Mágusar



Þáfnisvæðing

Prentun

Ísafoldarprentsmiðja

Upplag

100 stk

Umbrot og hönnun

Ingólfur Grétarsson

Sérstakar þakkir

Nökkvi í Ísafoldarprentsmiðju
Alexandra Björg
Ægisdóttir
Ingólfur Grétarsson.

Ritstýra

Hildur María
Marteinsdóttir

Ritnefnd

Birta Eik F. Óskarsdóttir, Elín Sveinsdóttir, Hilmar Orri Jóhannsson, Rakel Ýr Jónsdóttir, Sigrún Linda Baldursdóttir.

1 Ávarp ritstýru

3 Ávarp formanns

4 Kennaraviðtöl

5 Hí vs HR

6 Félagslífíð

9 Íþróttaviðburðir

10 Skíðaferð Mágusar

11 Dale Carnegie

Hvernig skara ég fram úr?

12 Nýnemaviðtöl

14 Hrund Gunnsteinsdóttir

Heimsmarkmið og sjálfbær þróun

15 Lilja Brandsdóttir

Það skiptir máli að hafa gaman af náminu

18 COLLAB drykkur

20 Arnar Þórisson

Félagslífíð gaf mér tengslanet

22 Má ég kynna mig!

Ferilskrángerð í hnotskurn - hvað, til hvers og hvernig?

24 Thelma Lind

Skiptinám í Svíþjóð

26 Viðskiptafræði MEMEs

27 Stjörnuspá

28 10 góð sparnaðarráð

30 NESU

32 Egill Örn Egilsson

Frá teikningu á blaði í eigin starfsemi

34 Árshátíðarviðtöl



Kærri Mágusingur!

Það er mér mikil ánægja og léttir að þú sért kominn með Mágusartíðindi í hendurnar. Eftir mikla vinnu og þælingar hjá nefndinni þá er blaðið loksins tilbúið!

Aðsókn á viðburði Mágusar hefur sjaldan verið jafn góð og á þessu skólaári og eru nú vísindaferðir sem hafa einungis 30 laus pláss taldar vera litlar og með of fá pláss í boði!

Við í stjórninni erum ekkert smá ánægð með þessa þátttöku og án hennar, og ykkar kærú Mágusingar, þá hefði þetta ár ekki verið nærri því jafn skemmtilegt!

Ég setti mér strax það markmið í upphafi að vera skipulögð við gerð bladsins og vera tím-anlega með hlutina. Það tókst að einhverju leyti en kom mér þó á óvart hversu marga hluti þarf að hafa í huga varðandi svona blað

og hvað hlutirnir geta tekið langan tíma. En með hjálp frábæru ritnefndarinnar þá tókst þetta allt saman að lokum!

Þegar við í ritnefndinni hittumst á fyrsta fundi þá var markmið okkar strax að halda í hressileikann í blaðinu, að blaðið standi fyrst og fremst fyrir frábæra félagslífið sem Mágus hefur upp á að bjóða. Við vildum einnig hafa viðtöl við fólk úr atvinnulífinu sem okkur þótti áhugavert og sem Mágusingar hefðu áhuga á og gætu tengt við.

Ég vil þakka frábæru nefndinni minni fyrir vel unnin störf í vetur. Hilmari fyrir að vera alltaf léttur og hress með góða aulabrandara og góðar hugmyndir. Sigrún og Raket fyrir að vera alltaf tilbúnar að hoppa í öll verkefni og vinna þau vel. Birta fyrir frumlegar og góðar hugmyndir og Elín sem var alltaf til í að redda því sem þurfti að redda og gerði það sjúklega vel!

Miðað við síðustu viðburði og aðsóknir á viðburði Mágusar þá er ekki við öðru að búast en að árshátíðin verði sú besta sem sögur fara af!

Ég vona að þetta blað gleðji þig og peppi fyrir árshátíðinni, ég veit að ég er allavegana mjög spennt að fagna með ykkur!

Hildur María Marteinsdóttir

Fjölbreytt meistaranám í Viðskiptafræðideild

hi.is/vidskiptafraedideild



Minnum á að umsóknarfrestur í
meistaránám er til 15. apríl

Fjármál MFin
Fjármál fyrirtækja
Mannauðsstjórnun
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
Nýsköpun og viðskiptaþróun
Stjórnun og stefnumótun
Reikningsskil og endurskoðun MAcc
Skattaréttur og reikningsskil
Verkefnastjórnun
Viðskiptafræði
Þjónustustjórnun

Gimli við Sæmundargötu - 102 Reykjavík
Sími 525 4500
nemFVS@hi.is
hi.is/vidskiptafraedideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



Takkt fyrir að vera svona ótrúlega skemmtileg!

Elsku Mágusingar, ótrúlegt en satt þá er skólaárið senn að enda og tími til kominn að fara að lenda (já ég kann sumartíminn utan að)

Það hefur verið mér mikil ánægja og heiður að fá að skipuleggja viðburði Mágusar þetta skólaárið ásamt skemmtilegri og öflugri stjórn sem ég er svo þakklátur að hafa fengið að vera partur af.

Ég vil endilega fá að þakka fyrri stjórn fyrir að hafa gert starfið okkar mun þægilegra með skýrslu sinni, sem hjálpaði okkur að byrja okkar vegferð sem stjórn Mágusar. Eftir stjórnarkosningar í lok mars seinasta árs var fyrsta verk okkar að skipa varaformann Mágusar.

Fyrir valinu var hún Berglind María Sigurbjörnsdóttir. Eftir það var það í okkar hönd-

um að skipuleggja lokaprófspartý Mágusar í maí 2019 sem gekk vonum frammar.

Nýtt skólaár gekk í garð með nýnemaferð, sem heppnaðist ótrúlega vel þrátt fyrir að tilvonandi félagsmenn voru heldur þyrstari en við gerðum ráð fyrir, en það reddaðist þó allt saman.

Í byrjun annar var kominn tími til að kjósa í stöðu nýnemafulltrúa hana Áróru Líf. Þá vorum við orðin níu, saman höfum við hjálpað að við það að skipuleggja alla viðburði Mágusar.

Við fórum í margar skemmtilegar vísindaferðir, höldum nokkur partý og íþróttamót. Við erum þakklát fyrir það hversu liðleg fyrirtækin eru að taka á móti okkur í vísindaferðir sem og styrkja félagið, án þeirra væri gleðin töluvert minni.

Þegar þetta blað kemur út er stærsti viðburður Mágusar eftir, sjálf árhátíðin sem verður extra grand þetta árið, sem og stjórnarkosningar og stjórnarskipta-partý.

Að lokum vil ég fá að þakka öllum félagsmönnum Mágusar fyrir þátttökuna, því starf stjórnar er auðvitað allt gert í þágu ykkar, TAKK fyrir að taka þátt og vera svona ótrúlega skemmtileg!

Rafn Karlsson

Kennaraviðtöl

Hvernig byrjarðu alla morgna? Með Cheerios-hringjum og blaðalestri.

Hver er uppáhalds samstarfsfélagi þinn í HÍ? Háskólakísan Rósalinda, sem heilsar með virktum á hverjum morgni.

Hversu margir hafa fengið 10 í heimildarverkefninu í vinnulag? „Topsecret“.

Hvað áttu marga hálsklúta? Óteljandi. Hálsklútar eru nauðsynlegir til þess að halda haus.

Hvað er uppáhalds áfanginn sem þú kennir? Áfangi sem ég kenni hverju sinni. Það er svo gaman að vinna með nemendum.

Hvernig stjórnunarstíl aðhyllist þú? Valdeflandi stjórnunarstíl.

Áttu uppáhalds nemenda? Já, hann er brosmildur, heidarlegur og iðinn.

Ertu með leyndan hæfileika? Get ekki gert upp á milli skrautskrifrar og nýrri aðferð í kartöfluræktun.



Ásdís E. Petersen

”

Hálsklútar eru nauðsynlegir til þess að halda haus.

Hvernig byrjarðu alla morgna? Ég er ekki kominn í gang fyrr en ég er búinn að fá mér sjóðheitan kaffi og flatkökuna mína. Þá mega verkefni dagsins koma fyrir mér.

Hvaðan kemur þú (bæjarfélagi)? Hafnarfirði, þar sem ég get kallað mig Gaflara. Sem eru þeir sem eru fæddir á Sólvangi og eiga foreldra úr Hafnarfirði.

Fjarðarkaup eða Melabúðin? Fjarðarkaup allan daginn enda einstök verslun. Hefur algera sérstöðu og haldið sínu þrátt fyrir mikla samkeppni.

Með hvaða liði heldurðu (íslensku)? Hef alltaf haldið með FH enda besta liðið. Verið iðkandi, stjórnarmaður og ákafur stuðningsmaður.

Hvað er uppáhalds erlenda borgin þín? Kaupmannahöfn þar sem ég bjó í nokkur ár. Miðstrákurinn minn fæddur þar og þar búa mína tveir af sonum mínum. Ástæða til að heimsækja þá og barnabörnin.

Hvar lærðir þú? Ég fór í viðskiptafræði í HÍ en síðan í mastersnám í CBS sem hét þá bara Handels-hojskolen upp á dönsku. Námið á dönsku og ég var smááááá tíma að ná tókum á henni.

Hvar er best að búa? Hafnarfirði klárlega og síðan Kaupmannahöfn. Lykilatriði er hins vegar að búa sér til notalegt hreiður og rækta fjölskylduna.

Ertu með leyndan hæfileika? Gutla á gítar og verð frábær saxófónleikari þegar ég hef mig í að fara að læra á hann.



Þórður Sverrisson

Hvernig byrjarðu alla morgna? Ég byrja á því að slökkva á öskrandi vekjarklukkunni, svo fæ ég mér vítamín og fer í sturtu.

Förstu á deit í Japan? Jú ég gerði það, einu sinni álpaðist ég á það sem Japanir kalla "gokon" sem er hóp deit, þar sitja karlar og konur sitt hvoru megin við langborð. Það sem kom mér á óvart er hversu hreinskilnislega var spurt og þá í gegnum þriðja aðila, t.d. spurði einn maðurinn mig beint út hvort ég vildi vera kærasti stelpu sem sat skáhallt á móti mér. Hann notaði reyndar ýmis lýsingarorð sem ekki eiga heima á prenti. Ég varð aldrei þessu vant orðlaus, er enn að melta þetta mörgum árum seinna.

Finnst þér fjármál skemmtileg? Fjármál eru skemmtileg og einnig gagnleg. Ég myndi gjarnan vilja þróa kennsluna áfram til framtíðar.

Hver er uppáhalds collegi þinn í HÍ? Ég kann vel við alla mína collega, bæði eru hér ungir og hressir einstaklingar sem ég á margt sameiginlegt með sem og mér finnst einnig gaman að vinna með eldri einstaklingunum sem sumir hverjir kenndu mér þegar ég var í BS námi í Viðskiptafræði.

Hvort er meiri björmenning í Japan eða á Íslandi?

Björmenningin á Íslandi hefur breyst mjög mikið, nú er orðið fullt af allskonar tegundum af bjór og margar litlar verksmiðjur eru komnar. Í Japan drekka menn yfirleitt 3 tegundir, Asahi, Kirin og Sapporo og þá er matur borðaður með, t.d. hrognafyllt loðna og annað góðgæti. Ég myndi telja að það sé meiri björmenning í Japan en björmenning á Íslandi er mjög ung.

Hvort er betra að kynna fólk á Íslandi eða Japan? Ég myndi segja að Japanir séu enn lokaðri en Íslendingar og þá er mikið sagt. Hef samt á tilfinningunni að fólk sé opnara hér á Íslandi en það var. Þegar maður kynnist fólk í Japan skipta aðstæður máli, t.d. hvernig þú tengist viðkomandi og líka hvort þú sért á svipuðum aldri.

Hvernig stjórnunarstíl aðhyllist þú? Mér hefur fundist best að vinna þannig að ég sjái um sem mest sjálfur en geti leitað til reyndari aðila með ráðleggingar, sum sé ekki of mikil hópvinna.

Ertu með leyndan hæfileika? Hann er þá svo leyndur að ég finn hann ekki sjálfur.

Hvernig byrjarðu alla morgna? Fer á fætur og burstu tönnina.

Hver er þín skoðun á ESB? Hlynntur.

Hvað tekurðu mörg skref á dag? Fimm þúsund.

Er hatturinn til þess að fullkomna útlitid eða gegnir hann stærra hlutverki (er hann að hylja þig frá rigningu)? Síðar nefnda.

Hver er uppáhalds samstarfsfélagi þinn í HÍ? Of margir til að telja þá alla upp.

Hver er uppáhalds liturinn þinn? Grænn.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn? Grappa.
Ertu með leyndan hæfileika? Já.



Sigurður Guðjónsson



Þorvaldur Gylfason

HÍ vs. HR



1. Hver er bókhaldsjafnan? Eignir=skuldir+eigið fé.
2. Hvað heitir dómsmálaráðherra? Frændi minn er að deita hana, Áslaug Arna.
3. Hvað heitir rektor HÍ og svo HR? HÍ:

Guðmundur, HR: Kári.

4. Hver var efstur á lista Forbes yfir ríkustu menn í heimi árið 2019? Bill Gates.

5. Hver er bankastjóri Arion banka? Davíð.

6. Fyrir hvað stendur B í B5? Bankastræti 5.

7. Hvað er í Sex on the beach kokteilinum (4 hlutir)? Malibu, romm, ananas safi og grenadine.

8. Hver er höfuðborg Ástralíu? Melbourne.

9. Hvað heitir bæjarstjórinn á Akureyri? Davíð Kári.

10. Hvaða ár notaði forseti Íslands neitunarvaldið fyrst og afhverju? Útaf ESB, á bilinu 2000-2015.


11. Hver er heimabar HÍ og svo HR? HR: Austur, HÍ: Hverfisbarinn.

12. Hver er með flesta followers í heiminum á instagram? Ronaldo.

13. Hvaða ár er formaður Markaðsráðs fæddur og hvenær á hann afmæli? Fæddur árið 1997 og á afmæli 24.september.

14. Hver eru skólagjöldin í HR? 239.000kr. önnin.

formaður Mágusar
Rafn Karlsson



1. Hver er bókhaldsjafnan? Eignir=skuldir+eigið fé.
2. Hvað heitir dómsmálaráðherra? Man ekki hún er ljóshærð, sæt og þrítug.
3. Hvað heitir rektor HÍ og svo HR? HR:

Ari Kristinn

HÍ: einhver karlmaður.
4. Hver var efstur á lista Forbes yfir ríkustu menn í heimi árið 2019? Microsoft kallinn.

5. Hver er bankastjóri Arion banka? G eithvað (i don't care).

6. Fyrir hvað stendur B í B5? Bankastræti.

7. Hvað er í Sex on the beach kokteilinum (4 hlutir)? Tequila, appelsínudjús, grenadine og romm.

8. Hver er höfuðborg Ástralíu? Canberra.

9. Hvað heitir bæjarstjórinn á Akureyri? Árni Pétur Jónsson.

10. Hvaða ár notaði forseti Íslands neitunarvaldið og afhverju? 1999, bannað að neita.

11. Hver er heimabar HÍ og svo HR? HR: Austur, HÍ: Hverfisbarinn.

12. Hver er með flesta followers í heiminum á instagram? Kylie Jenner.

13. Hvaða ár er formaður Mágusar fæddur og hvenær á hann afmæli? Fæddur árið 1998 og á afmæli 4.júlí.

14. Hver eru skólagjöldin í HÍ? 70.000kr. árið.

formaður Markaðsráðs
Iðunn Getz



8

STIG

HÍ



6

STIG

HR

Rétt svör: 1. Bókhaldsjafnan: Eignir=Skuldir+Eigið fé | 2. Dómsmálaráðherra: Áslaug Arna | 3. Rektor HÍ: Jón Atli Benediktsson, rektor HR: Ari Kristinn Jónsson | 4. Ríkastur: Jeff Bezos. | 5. Bankastjóri Arion: Benedikt Gíslason
6. B í B5: Bankastræti | 7. Sex on the beach: Vodka, appelsínudjús, trömberjasafi og ferskjúlfjör. | 8. Höfuðborg Ástralíu: Canberra | 9. Bæjarstjóri Akureyrar: Ásthildur Sturladóttir. | 10. Hvaða ár notaði forsetinn neitunarvaldið og afhverju: Árið 2004, fjölmörg lafrumvarpið. | 11. Heimabar HÍ: Hverfisbarinn, HR: Austur | 12. Flesta followers: Ronaldo | 13. Formaður Markaðsráðs: 1997, 24. september / Formaður Mágusar: 1991, 1. mars
14. Skólagjöld HR: 250.000kr önnin / Skólagjöld HÍ: 75.000kr árið.



Félagslíf Mágusar 2019-2020

Félagslíf Mágusar hefur sjaldan verið jafn gott og þáttaka hefur sjaldan verið betri en þetta skólaár. Mikið af skemmtilegum viðburðum, svo sem ýmis partý og íþróttamót sem Mágusingar hafa verið virkir þátttakendur í, auk margra margra vísindaferða sem hafa vonandi nýst flestum vel, hvort sem það er fyrir veigar eða lærdóm. Þrátt fyrir að langt sé liðið á árið eru stórir og skemmtilegir viðburðir eftir sem munu ekki verða neitt síðri en það sem komið er!






Legacy party



Legacy partyið er orðið eitt af stærstu og skemmtilegustu viðburðum Mágusar og voru margir nemendur sem höfðu beðið óþreyjufullir í heilt ár eftir þessu frábæra partyi. Okkar allra besti Jón Jónsson mætti til að trylla lýðinn og sungu allir hástöfum með og myndaðist ákveðin þjóðhátíðarstemning í Akóges salnum þetta kvöld. Stemmingin var engri lík og getum við strax farið að telja niður dagana í næsta Legacy party.



Ókeypis Fréttar lífið



Nýnema-ferðin

Nýnemaferðin startaði þessu skólaári á hressandi og skemmilegan hátt og var gott merki um hvað koma skyldi í félagslífinu. Stjórnin gerði ekki ráð fyrir því að nemendur væru svona rosalega þyrstir og því tæmdist ísskápurinn fljótt og þurftu menn að leyta í góða gamla vatnið eða hringja í vin þegar líða fór á. Ferðin var með eindæmum skemmtileg þar sem nýnemar tóku virkan þátt í leikjum og þrautum sem stjórnin lagði fyrir þau og fæddust ýmsir limbó kóngar og drottningar þetta kvöld. Nýnemaferðin var góður undirbúningur fyrir því sem koma skyldi í félagslífi Mágusar.




Haust party



Haustpartíð byrjaði með frábæru fyrirpartíi í 101 radio þar sem Mágusingar fengu frábærar móttökur og veigar og voru því allir orðnir vel peppaðir strax um sjö leytið þegar partíð fór af stað. Margir peppuðu yfir sig í þessu partíi sem er í góðu lagi, we have all been there, en yfir heildina lítið virtust Mágusingar og aðrir skemmta sér vel og áttu góðar stundir með góðum vinum, allt eins og það á að vera!

Íþróttaviðburðir



MÁGUSARÞÍÐINDI 2020

Fyrsta íþróttamót Mágusar þetta árið var badminton mót. Mótið fylltist óvenju hratt og voru skráðir keppendur 32. Hörð keppni var þetta árið og voru það Garðar „G-dog“ Ingi og Elís Rúnar sem höfðu á endanum sigur. Næsta mót var það keilumót og var það að sjálfsögðu haldið í Keiluhöllinni í Egilshöll beint að lokinni vísindaferð í Íslandsbanka. Sigþór Óli fór þar með sigur að sinni og hafði með sér keilumótsbikar Mágusar.

Næst var komið að kórfuboltamóti og var það haldið í Ásgarði í Garðabæ. Fjögur lið skráðu sig til leiks og var það liðið Bankastrætið sem fóru með sigur af hólmi.

Allir sigurvegarar fengu með sér Collab, koffindrykkinn 105, Hleðslu og margt fleira í verðlaun.

Mótin sem íþróttanefndin á eftir, eru þegar þetta er skrifað, fótboltamót og svo allskyns innanhússleikir sem er nýtt fyrirbrygði og sjáum við fyrir okkur mjög skemmtilegt mót þar!



Efri röð: Kristín Rós Björnsdóttir, Eyvör Halla Jónsdóttir, Neðri röð: Haukur Andri Grímsson (tengiliður við stjórn), Lovísa Björk Sigmarsdóttir

Íþróttanefnd

Guðmundur Tyrfingsson ehf.
Grænir & Góðir



www.gts.is gt@gts.is



Skíðaferð Mágusar



Þann 7. febrúar beið Ámundi bílstjóri eftir 45 Mágusingum á malarplaninu fyrir utan aðalbygginguna. Áætluð brottför er klukkan 12 að hádegi og einmitt klukkan 12:30 eru allir komnir um borð og Ámundi stigur allt í botn. Allir í beltinu og nestinu dreift á alla sem einn.

Fyrsta pissustopp er á N1 Ártúnsbrekku þar sem allir pissa og standa upp eftir erfiða byrjun. Næsta stopp er í Borganesi þar sem Sindri beið eftir okkur með pítur, einnig fengu allir að pissa og standa upp eftir langa bilferð. Þetta nesti sem Mágus bauð upp á bauð einmitt upp á fleiri pissustopp en gert var ráð fyrir í byrjun.

”

Ferðin heppnaðist mjög vel í alla staði og enginn varð eftir í neinu pissustoppi sem var alltaf mikil áhætta.

Lovísa reif upp JBL Extreme og allt sett í botn alla leiðina í Staðarskála. Eftir Staðarskála var sett af stað „pub quiz“ með smá fléttu eða „bus quiz!“ sigurvegarar að þessu sinni var okkar ást-
kæra ritstýra Hildur María og ritari Mágusar Jón Lárus. Næsta stopp í Varmahlíð og þaðan beint í bruggsmiðjuna Kalda. Þar fáum við kynningu á starfsemi þeirra sem og smakk af starfsemi þeirra og glösum

ritstýra Hildur María og ritari Mágusar Jón Lárus. Næsta stopp í Varmahlíð og þaðan beint í bruggsmiðjuna Kalda. Þar fáum við kynningu á starfsemi þeirra sem og smakk af starfsemi þeirra og glösum



Efst fra vinstri: Daniel Tryggvi R Guðrúnarson, Guðjón Gunnar Valtýsson Thors, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Júlía Rut Kristjánsdóttir. Neðri röð fra vinstri: Anna Arnarsdóttir, Haukur Andri Grímsson (formaður), Júlía Hrönn Petersen

rötuðu fæst heim. Næst brunuðum við á Akureyri og komum okkur fyrir á hótelinu okkar Akureyri Backpackers. Þar klæða allir sig í sparigallann og beint á Café Amor þar sem karaókið beið eftir okkur. Lítið mál var fyrir gesti að taka í mikrafóninn enda flestir orðnir vel mettir. Fljótlega flyktust flestir yfir á Pósthúsbarinn þar sem var dansað fram á rauða nótt.

Klukkan 11 á laugardagsmorgninum beið Ámundi spennur eftir allra hörðustu skíðamönnum Mágusar og var ferðinni heitið upp í Hlíðarfjall.

Dagurinn gekk óvenju smurt fyrir sig og Jón (16 ára) kom mest á óvart og sýndi einstaka takta. Enn og aftur bíður Ámundi spennur eftir okkur til þess að skutla okkur niður á hótél. Þaðan fóru flestir í sund og var tekin einróma ákvörðun um það að nýja rennibrautin væri ein sú allra besta í Skandinavíu. Eftir sundið fóru ferðalangar í sparigallann og út að borða á Bryggjuna. Þar gæddu gestir sér á dýrindis mat og fékk súpan sérstaklega mikið hrós.

Þaðan var farið á Götubarinn þar sem Mágus splæsti í kút við mikla hrifningu gesta. Kvöldið fór aðeins rólegra af stað en kvöldið áður, smá þreyta spilaði mögulega þar inn í. Fljótlega voru þó lang flestir komnir í girinn og var förið heitið enn og aftur á Pósthúsbarinn. Þar beið Heiðar Austmann eftir gestum og þeytti skífum inn í rauða nóttina og spilaði meira að segja Stjórnina við mikla hrifningu Mágusinga.

Sunnudagurinn einkenndist af þreytu og volæði. Útskráning af hótelinu klukkan 11 og reyndist það mikil áskorun. Allt hafðist það þó og beið Ámundi iðandi af spenningsi fyrir utan og tók við farangri. Fólk flyktist á við og dreif að sækja sér næringu fyrir heimferðinni og lagði Ámundi í hann klukkan 12 að staðartíma.

Rólegrri heimferð

Heimferðin var aðeins rólegri og var JBL Extreme geymdur niður í farangursgeymslunni. Einhverjir náðu þó að læra eitthvað en þegar komið var að glæru 3 sofnuðu flestir. Áður en fólk vissi af var Ámundi mættur með okkur í göngin og þaðan fljótlega á malarplanið fræga.

Ferðin heppnaðist mjög vel í alla staði og enginn varð eftir í neinu pissustoppi sem var alltaf mikil áhætta. Mágus þakkar skíðamönnum einstaklega vel fyrir mjög góða helgi! Næsta verkefni skemmtinefndarinnar verður árs hátíðin en hún verður haldin laugardaginn 7. mars!

Dale Carnegie

Hvernig skara ég fram úr?

Hafðu trú á sjálfum þér

Til þess að skara fram úr þarf maður að hafa trú á sjálfum sér og vissu að maður geti klárað þau verkefni sem standa frammi fyrir manni. Með þessu sjálfstrausti verður maður þrautseigari, óhræddur við höfnun og einnig fljótur að kippa sér upp á lappir aftur ef eitthvað kemur upp á.

Þrautseiga og sjálfstraust

Auðvelt er ekki sama sem árangur, maður þarf oft að hlaupa margar hindranir og hafa gott sjálfstraust til að halda ótrauður áfram. Ég myndi því segja að þrautseigja og sjálfstraust séu lykillinn að betri lífsgæðum.

Markmið byggja grunninn

Þau markmið sem byggja grunninn eru bætt sjálfstraust, tjáning, samskiptahæfni, efling leiðtoga-hæfni og viðhorfs- og streitustjórnun. Ásamt því verðum við að setja okkur markmið, ná þeim og læra hvernig við setjum eldmód í verkin.

Þjálfun

Allur árangur á það sameiginlegt að leggja áherslu á

Þjálfun

Allur árangur á það sameiginlegt að leggja áherslu á þjálfun. Við þjálfun einstaklinga verða þeir betri í því sem þá langar, svo að þeir nái settu marki. Með þessum ráðum getur þú byggt upp sjálfstraust og ert líklegri í að ná árangri í þeim verkefnum sem þú stendur frammi fyrir.

Þrautseiga og sjálfstraust

Auðvelt er ekki sama sem árangur, maður þarf oft að hlaupa margar hindranir og hafa gott sjálfstraust til að halda ótrauður áfram. Ég myndi því segja að þrautseigja og sjálfstraust séu lykillinn að betri lífsgæðum.

Þrautseiga og sjálfstraust

Auðvelt er ekki

Hafðu trú á sjálfum þér

Til þess að skara fram úr þarf maður að hafa trú á sjálfum sér og vissu að maður geti klárað þau verkefni sem standa frammi fyrir manni. Með þessu sjálfstrausti verður maður þrautseigari, óhræddur við höfnun og einnig fljótur að kippa sér upp á lappir aftur ef eitthvað kemur upp á.

Þrautseiga og sjálfstraust

Auðvelt er ekki sama sem árangur, maður þarf oft að hlaupa margar hindranir og hafa gott sjálfstraust til að halda ótrauður áfram. Ég myndi því segja að þrautseigja og sjálfstraust séu lykillinn að betri lífsgæðum.

Hafðu trú á sjálfum þér

Til þess að skara fram úr þarf maður að hafa trú á sjálfum sér og

Hafðu trú á sjálfum þér

Til þess að skara fram úr þarf maður að hafa trú á sjálfum sér og vissu að maður geti klárað þau verkefni sem standa frammi fyrir manni. Með þessu sjálfstrausti verður maður þrautseigari, óhræddur við höfnun og einnig fljótur að kippa sér upp á lappir aftur ef eitthvað kemur upp á.

Þrautseiga og sjálfstraust

Auðvelt er ekki sama sem árangur, maður þarf oft að hlaupa margar hindranir og hafa gott sjálfstraust til að halda ótrauður áfram. Ég myndi því segja að þrautseigja og sjálfstraust séu lykillinn að betri lífsgæðum.

Nýnema viðtöl



Agnar Ingi Ingimundarson

Stenst námið væntingar? En félagslífið? Námið stóðst algjörlega undir þeim væntingum sem ég hafði. Ég var með góðan undirbúning fyrir þetta nám úr framhaldsskóla sem mér fannst nýttast mér vel. Félagslífið er alveg geðveikt. Það er einhvern veginn alltaf nóg að gera og nóg í boði. Stjórnendur í Mágus eiga hrós skilið fyrir að gera þetta fyrsta ár svona ógleymanlegt.

Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Klárlega Rúnar Steinn Ragnarsson reiknings- og skattakóngur.

Hvaða áfangi finnst þér standa upp úr? Vinnulag í viðskiptafræði er bara ákveðin lífsreynsla, segi ekki meir.

Hvaða kjörsviði ertu á? Markaðsfræðikjörsviði.

Besta vísó á árinu? Margar góðar en vísó 101 sambandið var sú besta. Flott kynning hjá þeim og skemmtileg stemming sem myndaðist. Skemmtilegt líka þegar Jón Lárus fór í beina útsendingu í útvarpið. Virkaði á mig eins og hann hefði aldrei gert neitt annað.

Mesti skandall hjá fyrsta árinu? Mikill skandall þegar lokaprófinu var frestað nokkrum mínútum áður en það átti að hefjast og margir mættir á staðinn.



Júlía Hrönn Petersen


Stenst námið væntingar? En félagslífið? Klárlega! Hélt að háskóli væri geðveikt leiðinlegur og alltaf bara að læra, en félagslífið er svo gott og alltaf eitthvað skemmtilegt í gangi, átti alls ekki von á þessu. Námið líka svo fun.

Hver er uppáhalds kennarinn þinn? Magnús markaðsfræði var það þangað til hann kom með þetta lokapróf frá helvíti, núna er það klárlega Sabit krútt.

Hvaða áfangi finnst þér standa upp úr? Stærðfræði :pp

Hvaða kjörsviði ertu á? Fjármála baby
Besta vísó sem þú hefur farið í? 101 vænt. Sjúklega mikil stemming og fullt af booze.

Mesti skandallinn á fyrsta árinu? Þegar Sigga sulaði bjór á Rafn í vísó, það var gaman.



Eyvör Halla Jónsdóttir

Stenst námið væntingar? En félagslífið? Já námið er svipað og ég bjóst við og félagslífið er mjög gott, betra en ég bjóst við ef eitthvað er.

Hver er uppáhaldskennarinn þinn? Snjólfur dúlla.

Hvaða áfangi finnst þér standa upp úr? Sko ég hélt í byrjun að fjárhagsbókhalda væri ekkert spes en svo fannst mér það bara mjög skemmtilegt. Svo fannst mér markaðsfræðin koma á óvart, mér fannst mjög gaman að vinna hópverkefni á önninni, það var góð tilbreyting. Ég held líka að Excel muni vera lúmskt skemmtilegt á þessari önn.

Hvaða kjörsviði ertu á? Fjármál.

Besta vísó á árinu? Deloitte.

Mesti skandall hjá fyrsta árinu? Óveðrið sem varð til þess að það þurfti að fresta markaðsfræði prófinu og halloween partyið sem var aldrei haldið:(



Stefán Jordan

Stenst námið væntingar? En félagslífið? Já, heldur betur!

Hver er uppáhalds kennarinn þinn? Snjólfur er meistari og líka markaðsfræði kennarinn (Magnús)?

Hvaða áfangi finnst þér standa upp úr? Markaðsfræði stendur upp úr.

Hvaða kjörsviði ertu á? Man ekki hvort ég valdi stjórnun eða markaðsfræði heh.

Besta vísó sem þú hefur farið í? Advania var næs, góður matur og fleira 8/10. Svo var Tripical líka gaman því það var seint þannig maður gat farið beint downtown.

Mesti skandallinn á fyrsta árinu? Þegar markaðsfræði prófinu var frestað eða þegar Daníel Hans mætti með jarðarberjasvala í fyrirlestur.

framkvæmdastjóri festu

Hrundur Gunnsteinsdóttir



Heimsmarkmið og sjálfbær þróun

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, segir mikilvægt að nemendur í viðskiptafræði læri um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. „Þetta gamla módel að aðalmarkmið hagkerfisins sé að auka arðsemi hluthafa á ekki lengur við,“ segir hún og bendir á að neytendur og viðskiptavinir séu mjög meðvitaðir um áskoranir mannkyns og gerir ákveðnar kröfur til fyrirtækja. Við settumst niður með Hrund og forvitnuðumst um hlutverk Festu.

Hvað er Festa?

Festa er miðstöð um sjálfbærni og samfélagsábyrgð. „Við erum frjáls félagasamtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni,“ útskýrir Hrund. „Okkar aðal markmið er að stuðla að sjálfbærni og samfélagsábyrgð í íslensku atvinnulífi. Í Festu eru 120 aðildarfélög sem borga aðildargjald og halda okkur gangandi. Einnig stendur Festa fyrir 40-60 viðburðum á ári. Þetta eru námskeið, ráðstefnur, hvatningarverðlaun, tengslafundir fyrir aðildafélög og alls konar annað. Festa er eina stofnunin á Íslandi sem hefur það að meginmarkmiði að stuðla að sjálfbærni og samfélagsábyrgð í rekstri. Við erum ekki að verja neina aðra hagsmuni.“

Ísland ekki leiðandi í málaflokknum

Hrund er, eins og áður segir, framkvæmdastjóri Festu og sem slíkur mótari hún stefnu Festu í samstarfi við stjórn, styrkir tengsl og setur félagið í samhengi við alþjóðlega strauma og stefnur. „Ísland er ekki leiðandi í þessum málaflokki,“ bendir hún á. „Þó við séum að gera margt gott þá er mjög mikilvægt að Íslendingar viti hvað er að gerast í heiminum til þess að við séum samkeppnishæf. Lítið land eins og Ísland þarf að geta staðsett styrkleika sinn í ört breytilegum heimi og þá er mikilvægt að vita hvaða straumar eru leiðandi. Ég til dæmis nýti mér mikið upplýsingar og tengsl sem ég hef í gegnum samstarf mitt við Alþjóðaefnahagsráðið þar sem við fjöllum mikið um fjórðu iðnbýltinguna, sjálfbærni, nýsköpun, hringrásarhagkerfið og loftlagsmál. Einnig er Festa í CSR Europe, sem eru evrópsk regnhlífasamtök miðstöðva og fyrirtækja sem sinna svipuðu hlutverki og Festa í hverju landi fyrir sig.“

Hrund fór í Versló í menntaskóla og lærði í framhaldi mannfræði við Háskóla Íslands. Eftir mannfræðina tók hún meistaraþróf í þróunar- og átakfræðum í London School of Economics. Þá er hún með diplómagraðu í opinberri stjórnsýslu og leiðtogafræðum frá Harvard-háskóla og sambærilega graðu frá Yale og Oxford Saïd Business school.

Hrund hefur unnið ýmis störf tengdum alþjóðamálum, þróun í heiminum og því sem mun gerast í framtíðinni. Hún hefur til að mynda verið verkefnastjóri, fastráðin og ráðgjafi hjá Sameinuðu þjóðunum og starfað á vettvangi Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum). Hún hefur komið víða við og einnig unnið í listum, gefið út ljóðabók, leikrit og heimildamyndina „Innsæi“ sem var sýnd um allan heim í gegnum streymisveituna Netflix.

Vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Eitt af megináherslum starfsins hjá Festu eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. „Heimsmarkmiðin er stærsta aðgerðaáætlun sem heimurinn hefur búið til og farið í,“ segir Hrund. „Þau eru 17 talsins og eiga við um allan heiminn, ekki bara hluta hans. Milljónir manna, ríkisstjórnir heims, forstjórar fyrirtækja og fólk úti um allan heim koma að því að búa þau til en markmið þeirra er að stuðla að betri heimi.“ Hrund segir fyrirtæki og stofnanir geta ákveðið að leggja áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, en þau geti einnig skipulagt starf sitt út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þau tikki í öll boxin ef rétt er á málum haldid.

Hrund bendir á að neytingar og viðskiptavinir séu orðnir mjög meðvitaðir um áskoranir heimsins í dag og að þeir geri kröfur til fyrirtækja um



sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. „Þetta gamla mólél að aðalmarkmið hagkerfisins sé einhæft að auka arðsemi hluthafa á ekki við lengur,“ segir hún. „Fyrirtæki í dag eru svo mikið súrefni og hreyfið fyrir hvernig við mótum samfélagið og fólk eins og ég og þú finnum það þegar að rekstur fyrirtækja gengur á andrúmsloftið okkar, náttúruna okkar eða fólkid okkar, og er ekki uppbyggilegt. Þess vegna eru kröfurnar orðnar meiri. Arðsemi er mikilvæg fyrir sjálfbæran rekstur og frekari vöxt atvinnulífsins, ekki spurning. En skekkjan er víða orðin svo mikil í heiminum og ójöfnuð er að aukast í heiminum. Rannsóknir sýna líka að það er hagkvæmt fyrir fyrirtæki að vera sjálfbær og sýna samfélagslega ábyrgð, það borgar sig fyrir fjárfestingar og langlífi fyrirtækja.“

Gæðastimpill að vera í Festu

En hvað græða fyrirtæki á því að vera í Festu? Hrund segir fyrirtæki meðal annars fá tækifæri til þess að efla tengslanet sitt og samtál í kringum málaflokkinn. „Þau fá einnig aðgang að námskeiðum með heimsklassa kennurum, fá aðgang að viðburðum sem fjalla bara um þennan málaflokk, fá tækifæri til þess að efla þekkingu starfsfólks og oft verða ný tækifæri til á fundunum okkar. Aðild að Festu er einnig ákveðinn gæðastimpill. Það þýðir að fyrirtæki eru að taka þessum málum alvarlega. Svo erum við með ýmis afsláttarkjör, en í grunninn eru fyrirtæki að lýsa því yfir að þau séu á þessari vegferð í átt að aukinni sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar með því að vera í Festu.“

”

Okkar aðal markmið er að stuðla að sjálfbærni og samfélagsábyrgð í íslensku atvinnulífi. Í Festu eru 120 aðildarfélög sem borga aðildargjald og halda okkur gangandi.

Það skiptir máli að hafa gaman af náminu

Lilja Brandsdóttir er dúx þeirra kandídata sem útskrifuðust með BS. í viðskiptafræði júní árið 2019. Það er glæsilegur árangur og af því tilefni spurðum við hana nokkurra spurninga



Hvaða bakgrunn hafðir þú fyrir námið? Ég hafði lítinn bakgrunn í viðskiptafræði áður en ég hóf nám í faginu við Háskóla Íslands. Ég stefndi aldrei á þetta nám og hafði lengi vel mjög takmarkaðan áhuga á viðskiptafræði. Það var ekki fyrr en ég fékk vinnu sem sumarstarfsmaður á fjármálasviði Líflands sem áhuginn kviknaði en þar fékk ég að prófa ýms störf tengd faginu.

Á hvaða kjörsviði varst þú? Reikningshaldi.

Tókst þú virkan þátt í félagslífi Mágusar eða varstu í vinnu með námi, fór flest allur tíminn þinn í að læra?

Ég vann öll þrjú árin samhliða námi og get því seint sagt að ég hafi tekið virkan þátt í félagslífi Mágusar. Að ná árangri í námi er vissulega mikil vinna og tekur þar af leiðandi mikinn tíma. Ég væri óheildarleg ef ég segði að þessi ár hefðu alltaf verið auðveld en þetta var þess

virði í lokin. Með góðri skipulagningu ættu samt allir að geta stundað námið af kappi en líka tekið þátt í félagslífinu.

Hvað hjálpaði þér mest námslega séð og er eitthvað sem þú hefðir viljað gera öðruvísi? Að mínu mati er mikilvægast að mæta í alla tíma, bæði fyrirlestra og dæmatíma. Þetta hjálpaði mér mikið við að greina aðalatriðin ásamt því að ég skildi betur það efni sem farið var yfir. Mér fannst líka mjög gagnlegt að glósa mikið í tímum því oft-

ar en ekki reyndust glósurnar mér mjög vel við undirbúning fyrir lokapróf. Það er samt margt sem ég hefði gjarnan vilja gera betur, til dæmis að læra jafnar og þéttar yfir annirnar. Þrátt fyrir margar heildarlegar tilraunir tókst þetta þó ekki alltaf hjá mér þó ég hafi hægt og rólega orðið betri í þessu.

Hvað er framhaldið hjá þér? Ég hóf störf hjá endurskoðunarsviði EY samhliða þriðja ári viðskiptafræðinnar og hef unnið þar síðan. Síðastliðið haust byrjaði ég líka í Mastersnámi við Háskóla Íslands í reikningsskilum og endurskoðun (MAcc). Ég stefni að því að þreyta löggildingarpróf í endurskoðun einn daginn en það verður þó bara að koma í ljós hvað framtíðin ber í skauti sér.


Áttu þér draumastarf/starfsvettvang í framtíðinni? Það er ótrúlega krefjandi en skemmtilegt að starfa á endurskoðunarskrifstofu. Þar fær maður tækifæri til að takast á við mjög fjölbreytt verkefni fyrir ólíka viðskiptavini - sem er gríðarlega mikil reynsla. Það væri því gaman að vinna áfram á þessu sviði næstu árin og safna enn frekar í reynslubankann.

Var það fyrirfram ákveðið að reyna að dúxa eða gerðist það bara? Nei, það var aldrei markmiðið hjá mér. Þegar ég fór þó að sjá að mér gekk vel í náminu kviknaði metnaðurinn að viðhalda árangrinum.

Að lokum, ertu með einhver ráð fyrir núverandi námsmenn sem hafa þann draum að dúxa? Mitt besta ráð er að leggja sig allan fram ef maður vill ná árangri og gera alltaf sitt besta. Vinnusemi og metnaður haldast í hendur við góðan árangur. Það skiptir þó líka máli að hafa gaman af náminu.

”

Mitt besta ráð er að leggja sig allan fram ef maður vill ná árangri og gera alltaf sitt besta. Vinnusemi og metnaður haldast í hendur við góðan árangur.



HENTAR VEL Í HÁDEGINU!

GILDIR ALLA DAGA FRÁ 11–16 EF ÞÚ SÆKIR

HÁDEGISTILBOÐ 1

- Lítil pizza af matseðli
- Brauðstangir (lítill skammtur)
- Sósa að eigin vali

1.290 KR.



HÁDEGISTILBOÐ 2

- Miðstærð af matseðli
- 0,5 lítra gos

1.590 KR.



COLLAB

drykkur

COLLAB er drykkur sem nýlega kom á markaðinn. Hann er sérstaklega frískandi drykkur með viðbættu kollageni. COLLAB byggir algjörlega á íslensku hugviti og er þróaður í samstarfi við íslenska nýsköpunarfyrirtækið FEEL Iceland. Drykkurinn fæst í þremur bragðtegundum: Límónu og ylliblóma, mangó og ferskju og hindberja og apríkósu. Velgengi COLLAB vakti áhuga okkar og því vildum við fá að heyra um hugmyndina og frumkvöðlastarfið sem liggur þar að baki.

Hverjir komu að þróun Collab drykksins? Það voru frumkvöðlar frá fyrirtækinu Feel Iceland og vöruþróunardeildin í Ölgerðinni sem komu að þróun Collab. Vöruþróunardeildin í Ölgerðinni er ekki ýkja stór þó hún sé vissulega stórhuga. Hún samanstendur af Guðna Þór Sigurjónssyni forstöðumanni Vöruþróunar- og gæðadeildar og Telmu Kristinsdóttur vöruþróunarstjóra. Guðni er matvælafræðingur og með MBA gráðu, Telma er með BSc í næringarfræði og MSc í matvælafræði. Svo, auk þess að vera bæði matvælafræðingar, erum við bæði sveimhugar með mikla sköpunarþrá og reyndar bæði Ísfríðingar líka, spurning hvort það setji punktinn yfir i-ið - en að minnsta kosti náum við fram mjög góðri samvinnu í vöruþróun.

Hvernig varð þessi hugmynd til? Í tilfelli drykkjarins Collab voru það frumkvöðlarnir Hrönn Margrét Magnúsdóttir og Kristín Ýr Pétursdóttir hjá Feel Iceland sem nálguðust Ölgerðina og óskuðu eftir samstarfi, þar sem

hugur var á að þróa drykk sem innihéldi vatnsrofið fiskikollagen úr þorski veiddum við Íslandsstrendur.

Okkur hjá Ölgerðinni þótti þetta spennandi tækifæri og við tók heilmikil rannsókn- og hugmyndavinna auk tilraunamennsku.

Hvernig var síðan ferlið? Ferlið var bæði bóklegt og verklegt. Við unnum í því að móta hugmyndir, skilgreina þær og sía, búa til

nýtt vörumerki með tilheyrandi staðfærsluvinnu - sem og að fara í hvíta sloppinn og byrja að tófra fram blöndur og gera gæðaprófanir. Frá þeirri ákvörðun um að leggja í að þróa vöruna, fram að því að vera með tilbúinn vökva, hönnun, vörumerki og markaðsefni, liðu um tvö ár. Drykkurinn var framleiddur og markaðssettur í tveimur bragðtegundum í byrjun annars ársfjórðungs

”
Maður er alltaf svolítið hræddur þegar um er að ræða nýsköpun og nýjungar...Stundum þarf bara að stökkva og svo annað hvort synda eða sökkva, helst synda auðvitað.



2019 og við bættum svo við þriðju bragðtegundinni um haustið.

Hver er framtíðarsýn ykkar? Drykknum hefur verið gríðarlega vel tekið og er það okkur mikil ánægja að finna að neytendur skilji vöruna og deili okkar ánægju með hana.

Framtíðarsýn okkar fyrir Collab er kjörkuð, við ætlum okkur að koma með fleiri bragðtegundir og jafnvel nýjar útfærslur. Það er draumur að koma drykknum í sölu utan landsteinanna og vonandi getum við látið það verða að veruleika þegar fram líða stundir. Spennan er mikil, en við vitum jafnframt að það þarf að vanda sig og að góðir hlutir geta tekið sinn tíma að gerast.

Maður er alltaf svolítið hræddur þegar um er að ræða nýsköpun og nýjungar, það er bara eðlilegt, því auðvitað er ekki hægt að tryggja velgengni allrar vöruþróunar. Hún þarf samt að eiga sér stað. Stundum þarf bara að stökkva og svo annað hvort synda eða sökkva, helst synda auðvitað.

”

Framtíðarsýn okkar fyrir Collab er kjörkuð, við ætlum okkur að koma með fleiri bragðtegundir og jafnvel nýjar útfærslur.



ORDSENDING TIL FRUMKVÖÐLA FRAMTÍÐARINNAR

Það er mikilvægt að fólk sem hefur sterka sýn og brennandi trú á viðfangsefni eða hugmyndum sínum þori að láta á þær reyna. Í mörgum tilfellum þarf að húa saman fjárfesta og fara sjálfur í framkvæmdir en þessi saga sýnir að einstaklingar eða hópar með góða hugmynd og mikla sannfæringu geta með góðum árangri sett sig í samband við fyrirtæki til að athuga hvort það myndist grundvöllur fyrir samstarfi.

ÍKÓSU

COLLAB

REÐUR DRYKKUR MEÐ
VÍTAMÍNUM & SÆTUEFNUM

LAGEN

COLLAGENPRÓTÍN 330 ML

50 MG KOFFÍN

AUÐSYNLEGAR AMÍNÓSÝRUR

PRÓTÍN | ÁN KOLVETNA | ÍSLENSKT VATN

KUKLAUST

NONATED DRINK WITH
SWEETENERS, VITAMINS & SWEETENER.

Collab hf. Grjóthálsi 7-11, Reykjavík.

99 kJ/7 kkal | 330 ml: 99 kJ/24 kkal | 0,2%*

Fæddur: 1964

Hjónaband: Giftur

Börn: Tvíburar, son og dóttur sem eru 21 árs og dóttur sem er 10 ára.



Félagslífið gaf mér tengslanet

Arnar Þórisson er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA frá viðskiptaháskólanum IESE í Barcelona. Hann er í dag stjórnarformaður fjárfestingarfélagssins Íslensk fjárfesting, sem hann stofnaði ásamt Þóri vini sínum, og hefur gengt því starfi í 17 ár. Í námi sínu við Háskóla Íslands var Arnar virkur félagsmaður og sat sem formaður Mágusar á næst síðasta ári sínu í náminu.

Á hvaða kjörsviði varstu í viðskiptafræði? Viðskiptafræðin var 4 ára nám þegar ég var í henni og ég útskrifaðist á tveimur kjörsviðum. Ég tók semsagt bæði stjórnun og markaðsfræði.

Hvernig hjálpaði nefndarstarfið þér? Maður getur sagt að þátttakan í félagslífinu hafi gefið manni rosalega mikið tengslanet og vini sem maður á enn. Maður kynnist mikið af fólki ef maður tekur þátt í félagslífinu og það kemur sér alltaf vel. Svo

eykur það líka vonandi félagsfærni fólks að fá að taka þátt í slíku starfi.

Eitthvað sem þú hefur viljað gera meira af eða gera eitthvað öðruvísi í náminu? Nei, ég held að ég hafi alveg verið á réttri hillu fyrir það sem mig langaði í. En það er gríðarlega mikilvægt þegar menn halda áfram að vinna að hafa góða þekkingu á fjármálum og bókhaldi til þess að geta lesið í gegnum gögn og skilið þau vel. Það er mjög mikilvægt nema þú sért í mjög ákveðnu, sérhæfðu starfi sem er t.d. eingöngu markaðsstarf en þegar þú ert farin að horfa á fyrirtæki sem heild þá er mjög mikilvægt að vera læs á það.

Eftir að þú kláraðir viðskiptafræðina í Háskóla Íslands, hvað fórstu þá að gera? Eftir að ég kláraði viðskiptafræðina þá fór ég að vinna sem framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta (FS) og var það til ársins 1993. Á þessum tíma rak FS meðal annars Ferðaskrifstofu stúdenta sem vann með norrænni stúdentaferðaskrifstofu sem var kölluð SSTS. SSTS lenti í vandræðum og félagsstofnun stúdenta í Finnlandi var að taka yfir þá ferðaskrifstofu og við fórum með þeim í það. Finnarnir keyptu 90% og Félagsstofnun stúdenta 10%. Eftir að þetta gerist þá sest ég í stjórn SSTS sem er í Kaupmannahöfn. Árið 1991 þá sameinuðum við allar norrænu stúdentaferðaskrifstofurnar og SSTS og bjuggum til KILROY. Ég sat í stjórn á meðan ég var framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta eða allt þar til 1993 þegar ég hætti og fór í MBA nám til Barcelona.

Hvernig var að læra erlendis, hvernig var að finna nám sem hentaði þér? Ég heyrði af þessum skóla, IESE í Barcelona, um það leyti sem ég kláraði viðskiptafræðina. Skólinn hafði prógram sem höfð-

aði mikið til mín vegna þess að það var 100% case vinna, námið byggði allt á því. Kosturinn við case er að það getur hver og einn fengið það sem hann vill úr case-i, miðað við sitt level, þess vegna leyst mér svo vel á það. Ég vildi ekki fara í hefðbundið bók-nám aftur og fara endurtaka mig og lesa mikið af því sama aftur. Mér fannst þetta líka frábært tækifæri til að læra nýtt tungumál í leiðinni. Nú svo langaði mig líka bara mikið til Barcelona. Ég var í raun fyrsti Íslendingurinn sem fór í IESE og það hafa verið mikil tengsl við skólann síðan hér á Íslandi.

Fannst þér reynslan erlendist nýttast þér? Já mjög mikið, ég var mjög ánægður með IESE og á ennþá góða vini þaðan víðsvegar um heiminn.

Var þetta alltaf planið hjá þér, þessi rekstur sem þú ert í, vakti hann alltaf áhuga? Þegar ég hætti hjá Félagstofnun stúdenta og fór í MBA námið mitt í Barcelona þá hafði ég alltaf áhuga á þessu KILROY dæmi. Svo á seinna árinu í náminu þá hafði ég samband við forstjóra KILROY og spurði hvort hann hefði ekki verkefni fyrir mig á Spáni. Ég varð commercial director á Spáni þar sem mitt aðal verkefni var að athuga með hvort við ættum að opna okkar eigið smásölunet á Spáni, niðurstaða mín var sú að það ættum við ekki að gera.

Eftir þetta flýtt ég síðan til Kaupmannahafnar og fer að vinna fyrir KILROY þar, allt þar til árið 2000 þegar ég og Selma konan mín flýttum heim. Mér hafði boðist starf hjá flugfélaginu Atlanta.

Á þessum tíma vorum við Þórir farnir að undirbúa að setja upp okkar eigin rekstur og vorum báðir komnir í fulla vinnu við það árið 2003. Fyrstu verkefni okkar voru í fasteignageiranum en árið 2007 kaupum við KILROY.

Þegar ég var í náminu þá var hugurinn mest við það að byggja upp starfsframa frekar en að ætla fara stofna mitt eigið fyrirtæki. Það kom meira út frá samræðum okkar Þóris að við gerðum okkur grein fyrir að okkur langaði mest að fara út í eigin rekstur. Ég var ekkert að þæla í því þegar ég var að klára viðskiptafræðina.

Hver eru þín helstu verkefni í vinnunni hjá þér og hvernig er „basic“ dagur í lífi þínu? Í dag er ég frekar lítið operational. Við Þórir erum mikið að stýra okkar fyrirtækjum í gegnum þá stjórnendur sem þar eru þannig að við erum fyrst og fremst að fylgja ýmsum málum eftir. Þetta hefur breyst mikið frá því þegar maður sat og var endalaust að búa eitthvað til í excel og powerpoint, núna er maður yfirleitt að lesa svoleiðis sem aðrir hafa gert. Síðan er mikið af fundum með aðilum sem eru að koma með einhverjar viðskiptahugmyndir til okkar og þegar maður hefur svona víðtæk-an rekstur þá þarf að vera mikið í samskiptum við banka og þess háttar. Svo fer ég alltaf einu sinni í mánuði til Kaupmannahafnar. Er þá oftast fjóra daga og er að sinna þeim verkefnum sem tengjast KILROY.

Annars er basic dagur þannig að ég kem yngstu dóttir minni í skólann og er kominn í vinnuna um níu leytið. Svo er maður að klára milli fjögur og fimm, verslar í matinn, eldar, sækir og skutlar - allt þetta klassíska.

Hver er lykullinn að þínum árangri? Ég held



það sé aðallega þegar þú ert komin af stað og ætlar í eigin rekstur þá snýst það svolítið um þrautseigju fyrstu árin, að halda það út. Það er eiginlega það mikilvægasta. Það er erfitt þegar þú ert kannski

búin að stofna fjölskyldu og það er engin innkoma, þú hugsar hvort þetta muni verða betra eða bara verra og verra. Þú þarft að hanga inni. Það var eins hjá okkur, það var hart fyrstu þrjú árin.

Ertu með einhver ráð fyrir verðandi viðskiptafræðinga? Ég held það sé mjög mikilvægt að þegar menn eru búnir

með viðskiptafræðina að reyna að fá að vinna við það sem menn hafa raunverulega áhuga á. Manni gengur alltaf betur að fást við það sem maður hefur áhuga á. Kannski ráð númer eitt.

”
Held það sé mikilvægt...að reyna að fá að vinna við það sem menn hafa raunverulegan áhuga á. Manni gengur alltaf betur að fást við það sem maður hefur áhuga á.”



KILROY



Má ég kynna mig! Ferilskrárgerð í hnotskurn – hvað, til hvers og hvernig?

”

“Það er ómetanlegt að fá aðstoð í því stressandi ferli sem atvinnuleitin er.

Námsráðgjafi Náms-og starfsráðgjafar HÍ veitti mér góðar tillögur að úrbótum á ferilskrá og var hvetjandi og persónulegur í samskiptum. Ég er mun sáttari með gæði ferilskránnar eftir ráðgjöfina og þar af leiðandi öruggari með að senda inn atvinnuumsóknir. Ég mæli hiklaust með!”.

- Ráðþegi hjá NSH um þá faglegu aðstoð sem hann fékk

betri mynd af umsækjanda sem einstaklingi og verðandi starfskrafti. Stór þáttur í markaðssetningu þinni á vinnu- markaði er að eiga vel gerða ferilskrá. Vanda þarf til verka til að ferilskrá komist ofarlega í umsóknarbunka hjá atvinnurekanda og vera búin/n að hugsa um uppsetningu, efnisinnihald, orðaforða og málfar.

Nú er runnin upp tíminn þegar farið er að sækja um sumarstörf eða byrjað er að líta í kringum sig að framtíðarstarfi. Þá er nauðsynlegt að hafa vel gerða ferilskrá í farteskinu. Markmiðið með ferilskrá einstaklings er að kynna sig fyrir atvinnurekanda, skýra í stuttu máli frá menntun, reynslu og áhugamálum og gera honum kleift að fá

1. Vandaðu þig og hugsaðu um uppsetningu.

Ferilskráin lýtur ákveðnum lögmálum. Í ferilskrám koma fram persónuupplýsingar, námsferill, starfsferill, félagstörf, tungumálakunnátta og önnur kunnátta t.d. tölvukunnátta. Hún er oftast 1-2 bladsíðna löng, gættu að stafsetningu og tryggðu að lykilupplýsingar komi fram í ferilskránni.

2. Persónuupplýsingar - Hver ert þú? Hvar næ ég í þig?

Efsti hluti ferilskrár geymir upplýsingar um þig; nafn, heimilisfang, sími og netfang. Á Íslandi er yfirleitt mynd látin fylgja af umsækjanda. Mundu að myndir segja oft meira en þúsund orð! Hægt er að búa til sérstakt netfang til að halda utan um atvinnuumsóknir þínar. Hafðu faglegt heiti á netfanginu en EKKI eins og eftirfarandi dæmi madeinakur-eyri2000@hotmail.com. Ef þú ert í virkri atvinnuleit er mjög mikilvægt að SVARA bæði tölvupósti og/eða símhringingum. Atvinnurekandi hefur enga aðra leið til að komast í samband við þig og boða þig í atvinnuviðtal!

HVAR FINN ÉG VINNU?

Fylgstu ekki aðeins með atvinnuauklýsingum í fjölmiðlum heldur og atvinnuauklýsingum á vettvangi Tengslatorgs Háskóla Íslands (www.tengslatorg.hi.is). Þar eru fyrirtæki og stofnanir að leita sérstaklega að mannaúði innan raða stúdenta HÍ.

Þú ert alltaf velkomin/n til Náms- og starfsráðgjafar HÍ (NSHÍ) á Háskólatorgi ef þig vantar aðstoð við að finna ferilskrána eða vantar álit. Náms- og starfsráðgjafarnir búa yfir ákveðinni þekkingu og reynslu sem getur nýst þér í atvinnuleitinni og því að koma þér á framfæri á vinnumarkaði.

Náms- og starfsráðgjöf býður upp á vinnustofur þar sem kjarnaatriði starfsleitar eru kynnt og æfð. Hafðu samband í síma 525 4315 eða sendu fyrirspurn á radgjof@hi.is

3. Námsferill
Hér gefst tækifæri til að greina frá þekkingu og færni og hvaða menntastofnanir þú hefur verið í. Þú byrjar á því sem þú ert skráður/ur í núna og rekur námsferillinn aftur á bak í tíma. Gott er að vísa í reynslu/námskeið sem styður þekkingu og hæfni á því sviði.

Taktu einnig fram námskeið hér. Þau geta reyndar líka átt heima undir fyrirsögninni ÖNNUR REYNLSLA. Hér þarft þú að meta hvar þessar upplýsingar eigi best heima.

4. Starfsferill
Hér telur þú upp þau störf sem þú hefur unnið við og byrjar á að telja upp það sem er í "núinu" eða síðasta starfið sem þú vannst við og rekur þig aftur á bak í tíma. Nefndu tímabil vinnunnar, vinnustaðinn, stöðuheiti og helstu verkefni sem þú sinntir. Það er gott að segja frá árangri sem þú náðir í starfinu eða hvort þú barst ábyrgð á verkþáttum.

7. Að lokum.... ef þig vantar aðstoð
Það krefst ákveðinnar æfingar og yfirlegu að setja saman ferilskrá sem að annars vegar dregur fram staðreyndir um náms- og starfsferilinn þinn ásamt því að leggja áherslu á að þú sért góður kandídat í starfið sem sótt er um.

5. Önnur kunnátta
Í lok ferilskrárinnar er gott að tilgreina kunnátta sem kemur sér vel í starfi eins og tölvu- og tungumálakunnátta. Það getur verið erfitt að leggja mat á tungumálakunnátta sína og þá getur verið gott að kíkja á evrópskan sjálfsmatsramma fyrir tungumál - sjá <https://europass.cedefop.europa.eu/sites/default/files/cefr-is.pdf>

Einnig er gott að hafa flokk sem segir frá félagsstörfum og áhugamálum. Það gefur enn betri mynd af þér sem einstaklingi.

6. Meðmælendur
Faglegt orðspor er mikils virði í atvinnulífinu. Í gegnum háskólanámið og störf ertu að byggja upp þitt faglega orðspor. Meðmælendur eru einnig mikils virði þar sem þeir geta gefið atvinnurekanda hlutlaust mat á þekkingu, færni og hæfni þína. Mikilvægt er að fá leyfi hjá meðmælendum um að það megji hafa samband við þá og jafnmikilvægt er að hafa réttar tengslaupplýsingar (nafn, staða, sími, netfang).

DÆMI UM FERILSKRÁ

Jón Jónsson /Jóna Jónsdóttir

Kt. XXXXXX-XXXX

Hellisgerði 2

Barastabær 1001

Netfang: jjonsonn@gmail.com/jjonsdottir@gmail.com

Sími: XXX XXXX

MENNTUN

2019 - Háskóli Íslands, BS í viðskiptafræði, 30 ECTS lokið.

Dæmi um námskeið:

VIÐ101G Inngangur að markaðsfræði
VIÐ205G Markaðs færsla þjónustu
Hef fengið æfingu í markaðsáætlanagerð.

ÁR Nafn á framhaldsskóla, stúdentspróf af X braut / annað nám
Viðurkenning frá skóla vegna árangurs í X

STARFSREYNLSLA

2019 Z verslun, Reykjavík. Verslunarstjóri, sumarstarf
Ábyrgð á skipulagningu vakta og skil á vinnuskýrslum

Samskipti við yfirstjórn
Ábyrgð á kassauppgjöri

2018 - 2019 Þ þarfapung, Reykjavík. Verslun með hreinlætistækni.
Hlutastarf með námi, 30%

2013 - 2015 Ýmis sumarstörf
Vinnuskólinn
Barnagæsla

UPPLÝSINGATÆKNI

Þekking og kunnátta á helstu Microsoft Office forrit (word, excel, ppt). Önnur forrit eins og XYZ

TUNGUMÁLAKUNNÁTTA

Enska: C2 (skilningur, ritun og talmál)

Danska C2 (skilningur og ritun), C1 (talmál)

FÉLAGSSTÖRF

2019-2020 Í stjórn Magusartíðinda, blað félags viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands.

ÁHUGAMÁL

(Hér er best að þú svarir)

MEÐMÆLENDUR

Ari Arason, framkvæmdastjóri hjá Þ. Þarfapung

Netfang: ariara@tharfathing.is

Gsm: 888 8888

Bára Baldursdóttir, kennari við X

Netfang: barabaldursd@xyz.is

Gsm: 999 9999

HVER ER UPPSKRIFTIN?

1. Vandaðu þig og hugsaðu um uppsetningu
2. Persónuupplýsingar
3. Námsferill
4. Starfsferill
5. Önnur kunnátta
6. Meðmælendur

Skiptinám í Lund í Svíþjóð

Thelma Lind fór í skiptinám í Lund University í Svíþjóð á sínu öðru ári í viðskiptafræði við HÍ. Hún dvaldi þar í eitt ár sem skiptinemi og af því tilefni spurðum við hana nokkurra spurninga

Af hverju ákvaðst þú að fara í skiptinám? Ég var orðin svolítið þreytt á að vera á Íslandi og langaði að prófa eitthvað nýtt. Ekki vera bara alltaf í HÍ og taka strætó. Ákvað þetta líka í febrúar þegar það var ömurlegt veður hér!

Af hverju varð þessi skóli fyrir valinu? Mig langaði helst til Norðurlandanna, Svíþjóðar eða Danmerkur og var mest að skoða skóla í þeim löndum. Langaði annaðhvort í CBS eða til Stokkhólms eða þá til Lundar. Svo leist mér á endanum best á Lund og fór í háskólann þar.

Hvað kom þér mest á óvart í skiptináminu? Námið er náttúrulega erfiðara úti, smá sjokk, að þurfa að skrifa allt á ensku og hugsa á ensku. Það kom mér líka svolítið á óvart hvað það voru margir Íslendingar þarna. Ég hafði samband við nokkra Íslendinga og við urðum síðan góður vinahópur. Það kom mér kannski ekki beint á óvart en það voru allir tilbúnir til að kynna manninn, bjóða manninn í partý, höfðu áhuga á hvað maður var að gera, opnir og tilbúnir í lífið og að prufa eitthvað nýtt. Það kom mér kannski ekki beint á óvart en var mjög skemmtilegt.

”
Ég var orðin svolítið þreytt á að vera á Íslandi og langaði að prófa eitthvað nýtt. Ekki vera bara alltaf í HÍ og taka strætó.

Mælir þú með skiptinámi? Já heldur betur! Shit án gríns! Sérstaklega með viðskiptafræðina ég er að fara að útskrifast núna á réttum tíma. Ef maður velur skóla sem er með

fullt af viðskiptafræðiáföngum þá er ekkert mál að fá námið metið. Síðan fær maður styrk svo maður er eiginlega að lifa „frítt“! Ef maður vill fara út og prófa eitthvað nýtt þá algjörlega! Maður þroskast líka svo mikið, ég er allt önnur manneskja en ég var fyrir ári síðan. Þannig já algjörlega!

Var þetta krefjandi að einhverju leyti? Já að búa í nýju landi, maður fékk alveg heimþrá enda allt nýtt og gekk í gegnum miklar breytingar. Svo var námið alveg miklu erfiðara en hér heima, engin með gömul lokapróf eða glósur. Þannig að maður þurfti bara að treysta á sjálfan sig í náminu.





Á hvaða tungumáli var námið? Áfangarnir voru á ensku því ég valdi bara áfanga á ensku, þetta var alveg mjög alþjóðlegur skóli. Sænsku nemendurnir voru líka alveg vanir að tala ensku sín á milli svo að ég gæti tekið þátt í samræðunum.

Hvernig er sænskukunnáttá þín eftir dvölinna? Sænskan er lík íslenskunni og við skiptinernarnir fórum í sænskuáfanga á fyrstu önninni, en Íslendingarnir áttu miklu auðveldara en aðrir skiptinernar með sænskuna. Ekkert mál að redda sér, maður pantaði bara „falafel með grönsaker og extra hummus“.

Áttu skemmtilega sögu að segja frá úr skiptinámínu? Þetta var allt geggjað, maður lenti í svo miklu rugli kannski ekkert eitt sem sker sig út úr samt. Jú ég kynntist stráki frá Ástralíu og við urðum mjög góðir vinir. Hann hafði sjúklega mikinn áhuga á íslensku og íslensku máli og hafði komið einu sinni til Íslands. Þannig að hann byrjaði að hlusta á lög með herra Hnetusmjöri, Flóna, Huginn og fl. Svo var hann alltaf að reyna syngja á íslensku með og spilaði þetta fyrir djammíð hjá okkur. Þannig að við vorum alltaf að hlusta á þetta saman og hann að syngja „ég er hetjan úr hverfinu“ ... mjög fyndið.

Hvað er það sem stendur upp úr eftir dvölinna? Hvað ég fullorðnaðist mikið, að þurfa að stóla á og treysta á sjálfa mig. Allir vinir mínir sem ég kynntist og hversu góð ég varð í enskunni. Ég náði

miklum framförum í enskunni og öðlaðist meira sjálftraust við að tala ensku.

Hvaða ráð gæfir þú nemendum sem eru að hugsa um að fara í skiptinám? Skoða áfangana vel, það var það erfðasta í skipulagningunni. Ferlið áður en maður fór út að þúsla saman áföngunum til að geta útskrifast á réttum tíma og fá þá metna. Fyrir viðskiptafræðinema mæli ég með Ernu Rut hún var geggjuð í þessu ferli, hélt utan um mig og passaði upp á allt. Kerfið úti var geggjað það vissu allir af manni og héldu utan um mann. Auðvelt að finna íbúð og fá Erasmus+ styrkinn. En það var líka mjög erfitt að koma heim, mér fannst það. Ævintýrið búið, maður býr aftur heima hjá mömmu og pabba. Koma sér út og koma heim.

Er eitthvað sem þú vilt bæta við? Skoða lönd frekar en skóla, held að flestir skólar allavega viðskiptafræðiskólar séu alveg svipaðir. Ef ég myndi ákveða að fara aftur í skiptinám færi ég til aðeins meira framandi landa, t.d. til Asíu kannski hafa þetta aðeins meira krefjandi.

”

Það var líka mjög erfitt að koma heim, mér fannst það. Ævintýrið búið, maður býr aftur heima hjá mömmu og pabba. Koma sér út og koma heim.

Viðskiptafræði memes



Haukur, má ég koma í skemmtó?



Bíddu bíddu, hvað heitirðu?



Ég heiti Júlía




Velkomin í skemmtó Júlía 😊

Miðvikudagur klukkan:

14:59

...klukkan:

14:01



Hí: Við þurfum að fresta prófum vegna veðurs!!!

Expectation:



Reality:




Hey ætlar þú í vísó á fös?



Nei ég náði ekki sæti...



Komdu með það mun enginn taka eftir því!



ALLT FYRIR ÍPRÓTTAFÓLK

Allir meðlimir Mágusar fá 15% afslátt í mars með kóðanum „mágus“ í netverslun okkar www.altis.is



Steingeit 22.des-19.jan

Kæra Steingeit. Ef einhver kann að skemmta sér, þá ert það þú. Þú átt eftir að vera á dansgólfinu allt árshátíðarkvöldið og sýna fólki öll danssporin sem þú hefur verið að æfa síðustu vikur. Mambo nr. 5 mun hljóma og þá vitum við öll hvað gerist hjá þér...þú kemst í gírinn!

Drykkur: Hvítvín
Staður: Austur

**Tvíburi** 21.maí-20.júní

Elsku besta Tvíburi. Árshátíðarkvöldið gæti orðið besta kvöld lífs þíns. Passaðu þig bara að drekka ekki of mikið, þá geturðu gert stærstu mistök lífs þíns. Annars er það bara YOLO, flipparinn þinn.

Drykkur: G&T (mikið G, lítið T).
Staður: Hverfisbarinn

**Vog** 23.sept-22.okt

Elsku Vog. Þú ert reynslubolti á djamminu og hatar ekki að fá þér drykk í góðra vina hópi. Þér finnst árshátíðin vera vettvangur til að drekka eins mikið og þú getur þar sem þú ert þekkt fyrir að geta drukkið endalaust. Þú heldur eftirpartý eftir árshátíð og endar kvöldið með góðri Steingeit.

Drykkur: Tópas skot
Staður: American bar

**Vatnsberi** 20.jan-18.feb

Elsku Vatnsberi. Þú munt kynna ástinni á árshátíðinni. Hún mun biða þín á stað sem þér hefði aldrei dottið í hug! Þú munt sleppa af þér beislinu og gera smá skandal en þú munt sko ekki sjá eftir því, djammviskubít er ekki til í þínum orðaforða!

Drykkur: Baccardi Razz í vatn.
Staður: Lebowski

**Krabbi** 21.júní-22.júlí

Kæri Krabbi. Nú er kominn tími til að sletta úr klaufunum! Þú ert búinn að vera í mikilli hollustu og duglegur í ræktinni á þessu ári, enda var það áramótaheitið þitt. Vinir þínir eru alltaf að reyna að draga þig á djammíð án árangurs. En nú er árshátíð og þú munt skemmta þér sem aldrei fyrr!

Drykkur: Mojito.
Staður: Sólon

**Sporðdreki** 23.okt-21.nóv

Kæri Sporðdreki. Þú verður mjög hress á árshátíðinni og átt eftir að vinna Tequila skot nokkrum sinnum í lukkuhjólinu. Þú átt eftir að eyða svolítið miklum pening á barnum en það verður hverra krónu virði þar sem þetta verður besta kvöld lífs þíns!

Drykkur: Tequila+sítróna&salt
Staður: B5

**Fiskur** 19.feb-20.mars

Elsku Fiskur. Passaðu upp á að drekka vatn á milli drykkja. Þú ert algjör tankur og ert með gott áfengisþol. En ef þú heldur ekki rétt á spöðunum á árshátíðinni átt þú eftir að deyta áfengisdauða á dansgólfinu.

Drykkur: Vatn/mango tango
Staður: Biffinn

**Ljón** 23.júlí-22.ágúst

Elsku Ljón. Þú elskar ekkert meira en að fara í djammleik. Þú ert búinn að gera lista yfir fallegasta fólkið í viðskiptafræðinni sem þig langar að kyssa. Þú ferð í djammleik við sálufélaga þinn á árshátíðinni, það verður líklegast Fiskur.

Drykkur: Aperol spritz
Staður: Petersen svítan

**Bogamaður** 22.nóv-21.des

Kæri Bogamaður. Þú verður að þora að taka af skarið á árshátíðinni! Ástin þín ætlar að mæta og það er mikilvægt að þú gerir eitthvað í málunum loksins! Leiðir ykkur munu mætast á dansgólfinu, við mælum með að þú fái að heyra "Þú veist hvað ég meina mær" sem óskalag - þá gerast sko hlutirnir!

Drykkur: Ves (þó það sé aldrei ves á þér).
Staður: Prikið

**Hrútur** 21.mars-10.apríl

Kæri Hrútur. Þú ert of peppaður fyrir árshátíðinni og telur niður mínúturnar þangað til þú getur fengið þér bjór og að detta í það með vinum þínum! Þú munt verða ótrúlega þunnur daginn eftir árshátíð, því miður, en hey það verður algjörlega þess virði!

Drykkur: Víking Gylltur
Staður: Íslenski barinn.

**Meyja** 23.ágúst-22.sept

Elsku besta Meyja. Þú verður í flottasta outfitinu á árshátíðinni og átt eftir að fanga athygli allra. Allir vilja tala við þig út af þú ert svo flott! Það er óþarfi fyrir þig að taka með þér veskið á árshátíðina þar sem allir eiga eftir að vilja kaupa handa þér drykki, cling cling.

Drykkur: Lov (því þú ert svo lovely)
Staður: Stúdentakjallarinn

**Naut** 20.apríl-20.maí


Elsku Naut! Þú ert feiminn að eðlisfari en verður villtur þegar það er komið áfengi í blóðið. Þá ertu svo mikill spjallari að vinir þínir þurfa að draga þig í burtu frá vandræðalegum samræðum. Þú verður mjög heppinn á árshátíðinni, svo vertu spenntur!

Drykkur: Rauðvín
Staður: Loftið



10 Góð sparnaðarráð

frá ritnefnd





8.

Kauptu þér Nocco í bónus og komdu með í skólann, skiptu svo yfir í kaldan í Hámu.




9.

Hjólaðu í skólann (halló save the planet 2020).



10.

Stofnaðu matarklúbb, en aldrei halda boð sjálfur.



VERO MODA®



NÆSU

Ráðstefnan er vikulöng og býður upp á einstakt tækifæri sem felst í því að kynna viðskipta- og hagfræðinemum á Norðurlöndunum ásamt því að dýpka þekkingu á náminu og takast á við alvöru verkefni eða vanda- mál hjá fyrirtækjum.

Hver ráðstefna snýst um fyrirfram ákveðið þema þar sem starfsfólk fyrirtækja koma og vinna náið með þátttakendum við úrlausn verkefna. Slík vinna gefur þátttakendum tækifæri til að efla tengslanet sitt og margir hafa fengið atvinnutilboð samhliða námi eða að loknu námi vegna ráðstefnu- unnar.

Að frátöldu frábæru dagrógrammi eru kvöldin alls ekki síðri, því þar sér skipulagsteymi ráðstefnu- unnar til þess að allir skemmta sér vel. Ráðstefnu- vikan byrjar á bústaðarferð þar sem allir taka þátt í sitsi party. Í stuttu máli má segja að sitsi party þannig upp sett að allir sitja við langborð og fá nokkra drykki, þrjár „metnaðarfullar“ máltíðir og þónokkur skot. Í gegnum partyið allt eru sungin alls konar lög og fylgt alls kyns reglum sem fáir vilja brjóta. Bústaðar- ferðin er frábært leið til þess að byrja vikuna almennilega. Aðrir við- burðir sem eiga sér stað yfir vikuna eru t.d.: City run/pub crawl, Kara- oke party, Nordic even- ing og sundlaugarparty.

Hápunktur vikunnar er svo Galakvöldið sem á sér stað á laugar- deginum þar sem allir fara í sitt finasta púss, borða þriggja rétta kvöldverð, njóta góðs af opnum bar allt kvöldið og dansa fram eftir morgni.

Næsta ráðstefna er haldin 9.-15.mars í Jyväskylä, Finnlandi.

Háskóli Íslands mun senda sex fulltrúa á ráðstefnu- una núna í mars og þar munu þeir sýna sínar bestu hliðar og skemmta sér konunglega. Þrátt fyrir að umsóknarfrestur fyrir næstu ráðstefnu sé liðinn er kjörið að sækja um í haust, sem allir eru velkomnir að gera.

”

Háskóli Íslands mun senda sex fulltrúa á ráðstefnuna núna í mars og þar munu þeir sýna sínar bestu hliðar og skemmta sér konunglega

„Kennarnir eru sérfræðingar á sínu sviði og með verkefnum fáum við reynslu af viðskiptaumhverfinu en þau eru oft unnin með fyrirtækjum.“

Agne Karnisauskaite,
með meistargráðu í
stjórnun í ferðapjónustu

Námsbrautir í boði:

- Fjármál fyrirtækja
- Mannauðsstjórnun og vinnusálfræði
- Markaðsfræði
- Reikningshald og endurskoðun
- Stjórnun í ferðapjónustu
- Stjórnun nýsköpunar
- Upplýsingastjórnun
- Viðskiptafræði
- MBA (2ja ára nám)

Meistaránám við viðskiptadeild HR

- // 90 ECTS einingar
- // MSc-gráða eða viðbótargráða á meistarastigi
- // Hægt að ljúka á 14 mánuðum með sumarönn
- // Byggt á alþjóðlegum kröfum og þróað í samráði við atvinnulífið



Opið fyrir umsóknir á hr.is frá 5. febrúar

 @haskolinnireykjavik  @haskolinn #haskolinnrvk  @haskolinn



Frá teikningu á blaði í eigin starfsemi

Egill Örn Egilsson stofnaði fyrirtæki ásamt félaga sínum Jón Þóri Sigurðssyni árið 2018. Þá voru þeir báðir 21 árs gamlir. Egill er í viðskiptafræði á öðru ári og duglegur Mágusingur. Við spurðum Egil nokkurra spurninga um fyrirtækið og reksturinn

Hver er starfsemi fyrirtækisins? Ad þjónusta komur skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur. Affermun farangurs, flutningur á matvælum og margt fleira. Starfsemin er í rauninni fólgin

í því að við setjum upp færiband og með því flyst allt sem fer frá skipinu upp á hafnarbakkann og öfugt. Við bjuggum til færiband sem virkar við íslenskar aðstæður bæði á flóði og fjöru.

Hvaðan kom hugmyndin?

Jón Þórir átti þessa hugmynd. Hann hafði þá verið að vinna við skemmtiferðaskipabransann í um það bil 2 ár. Hann sá að það þyrfti að finna lausn á affermingu skemmtiferðaskipanna og að lausnin gæti verið fólgin í einhvers konar færibaldi. Áður fyrr var

allt borið á milli skips og bakka með handaffli. Við vissum í rauninni ekki hvers konar færiband gæti virkað og það vissi það í rauninni enginn annar enda

ekki nein önnur slík færíbönd í notkun hér á landi. Þannig að við ákváðum að demba okkur í þetta og finna lausn á málinu.

Hvernig var færibaldið búið til? Það var flóknara en við bjuggumst við, það var greinilega einhver ástæða fyrir því að þetta væri ekki til. Það eru nefnilega mjög öfgafullar aðstæður í flóði og fjöru á Íslandi og því margar breytur sem þurfti að huga að. Við vildum búa eitthvað til sem gæti virkað allan sólarhringinn svo hægt væri að nota það hvenær sem þörf væri á. Þá fóru margir hlutir að spila inn í, hversu langt færibaldið þyrfti að vera, hvað grunnurinn þyrfti að vera þungur og langur, hvernig aðgengi að rafmagnni væri og fleira. Þetta er örugglega eitthvað verkefni sem verkfræðinemar myndu hlæja að en það gerði þetta einfaldlega skemmtilegra, en Jón var þá í tölvunarfræði og ég í viðskiptafræði. Við í rauninni teiknuðum bara einhverja hugmynd sem við vorum með í hausnum á blað og fundum einhvern til að búa færibaldið til fyrir okkur.

Hvernig var hugmyndavinnan á bakvið færibaldið? Við vorum örugglega alveg í 2-3 mánuði að þróa hugmyndina, ég á ennþá mynd af fyrstu teikningunni. Ég teiknaði hana aftan á kvittun í vinnunni minni á þeim tíma. Svo eigum við aðra teikningu sem við sýndum þegar við fórum á fundi til að selja hugmyndina. Þetta er náttúrulega eitthvað sem allir gætu teiknað á blað. Þetta er ekki teikning eftir eitthvern hönnuð, ekki beint dýpt í þessu sem var svona það skemmtilega við þetta, þetta var hrátt og ekki eins formlegt og maður hefði haldið að það þyrfti að vera. Við ákváðum bara að gera þetta svona og sjá hversu langt við kæmumst með þetta. Við kunnum alveg að gera bein strik á blað svo þetta reddaðist alveg.

Við notuðum líka alla í kringum okkur til að koma með hugmyndir. Fjölskyldan mín var mjög áhugasöm um að hjálpa og koma með tillögur um hvernig væri hægt að leysa þetta verkefni. Ég sat oft heima við matarborðið og pabbi kom þá með einhverja geggjada hugmynd og þá fór maður og skoðaði þá hugmynd betur. Það er mikilvægt að nýta alla sem maður hefur í kringum sig því þá gerast alveg ótrúlegir hlutir. Launalaust líka haha!

”
Við vorum örugglega alveg í 2-3 mánuði að þróa hugmyndina, ég á ennþá mynd af fyrstu teikningunni. Ég teiknaði hana aftan á kvittun í vinnunni minni á þeim tíma.

Er eitthvað sem hefur komið á óvart? Já já alveg fullt. Það var rosa erfitt eða við þældum í rauninni ekkert mikið í hvað þetta myndi kosta okkur. Þegar það kom að því að fá lán var það erfðara en við bjuggumst við. Við áttum náttúrulega ekki neitt og eigum ekki neitt enda bara 21 árs gamlir og eina sem ég átti var bíll, eigum engar fasteignir eða neitt svoleiðis. Við mættum bara með blað með kennitölu og þurftum að selja bankanum að þetta myndi virka. Við vissum alveg að það gæti verið smá vesen en við vorum heppnir að bankinn hafði trú á þessu. Erfðast við ferlið var að samskonar starfsemi hafði ekki verið til áður á Íslandi. Það sýndi okkur hversu erfitt það er vinna að nýsköpun, að skapa eitthvað glænýtt.

Það er eitt skipti sem ég man sérstaklega vel eftir en það var þegar við mættum í banka til að biðja um lán. Það var ekki beint hlegið að okkur en sá aðili átti bara mjög erfitt með að skilja hugmyndina, þar af leiðandi löbðuðum við þaðan út. Þá hugsuðum við með okkur ...er þetta heimskuleg hugmynd eða? Þarna var starfsmaður í banka að segja okkur að þetta myndi ekki ganga. En við höldum áfram og höfðum ennþá fánlega trú á þessu og fórum því bara í næsta útibú og sannfærðum einhvern annan. Sú sem afgreiddi okkar þar var reyndar yngri og hafði mikla trú á þessu, við eigum henni mikið að þakka, annars hefðum við örugglega ekki getað gert þetta.

Mættuð þið einhverjum hindrunum? Það voru mikið af hindrunum sem við bjuggumst ekki við. Þá kom á óvart hvað það skiptir miklu máli að reyna bara aftur, það kemur manni langt. Það voru fullt af hindrunum en þær eru bara hluti af þessu, við saum þær aldrei eins og einhverskonar hindrun heldur bara hluti af ferlinu. Það var til dæmis frekar erfitt að búa til rekstraráætlun. Við vorum uppi í skóla í einhverja 6 tíma, því við höfðum aldrei gert svona áður og með starfsemi sem hefur aldrei verið til. Við áttum ekki einu sinni færibandíð á þessum tíma svo við vorum bara að nota ímyndunaraflíð. Fyrsta áætlunin stóðst ekki, langt frá því. En önnur stóðst. Ég talaði líka við Rúnar á þeim tíma og hann leiðbeindi mér aðeins með þetta, takk Rúnar.

Einnig var risastór áskorun að ákveða verðlagningu fyrir þjónustuna, finna þessa fínu línu. Við þurftum að finna þessa fínu línu á milli þess að vera að rukka ekki of mikið og heldur ekki of lítið. Færibandíð skapar mik-




id virði fyrir alla og svarar mikilvægri þörf í starfsemi skemmtiferðaskipa og því þurftu að verðleggja eftir því.

Hvernig spilar námið í viðskiptafræðinni inn í fyrirtækjareksturinn? Það gerir það ótrúlega mikið, alveg meira en ég hefði búist við. Ég er ekki að nota allt sem ég hef lært í fjárhagsbókhalda eða rekstrarbókhalda en það gefur manni vissulega dýpri skilning á hvernig viðskiptalífið virkar. Það er það sem viðskiptafræðin gefur þér, kennir þér grundvallaratriði og svo er bara hvernig þú ætlar að nýta þér þekkinguna. Áfangar eins og Inngangur að stjórnun, þar sem við áttum að búa til okkar eigið fyrirtæki, eru geggjadir áfangar. Þó svo að þær aðstæður sem komu upp í þeim verkefnum tengist í rauninni ekki beint því sem við erum að gera núna þá þarf maður að setja sig í spor fyrirtækjaeigenda í þeim áfanga og það fannst mér geggjáð. Þá hefur þú séð þetta áður og veist hvernig sumir hlutir geta gerst og það hjálpar þér klárlega að undirbúa starfsemina sem þú ert að fara í, sama hver hún er.

Ráð til fólks sem er að hugsa um að stofna eigið fyrirtæki? Bara gera það. Þora og hafa trú á hugmyndinni. Svo lengi sem þetta er ekki ógeðslega heimskuleg hug-

EGILL ÖRN EGILSSON:

Egill er 22 ára Hafnfirðingur og uppáhaldsmaturinn hans er kjúklingur í Satay sósu með kúskús og spínati. Hann stundar nám á kjörsviðinu: markaðsfræði og alþjóðavíðskipti. Þú finnur hann á Súfistanum í Hafnarfirði á sunnudögum.




mynd. Ekki hafa bara já-menn í kringum þig. Ef þú ert með hugmynd farðu þá og spurðu, spurðu einhvern sem þú treystir, hvort hugmyndin sé sniðug. Ef þú trúir því ennþá að hugmyndin sé góð eftir að tala við þann aðila þá bara prófa. Þarft að vera frekar öruggur þegar þú ert að byrja á einhverju svona verkefni að fallið verði ekki gríðarlega stórt, ef allt fer úrskeiðis. Bara kýla á það, það verða fullt af hindrunum á leiðinni, að hefja rekstur er líka örugglega stærsta hindrunin. Það er mikil pressa frá samfélaginu um að allt verði að ganga upp. „Ef þetta gengur ekki upp, verð ég þá gæinn sem stofnaði fyrirtæki sem gekk ekki?...“, ég þældi mikið í þessu. En það er enginn að þæla í þessu, allir eru bara að gera sitt og náttúrulega geggjáð þegar allt gengur upp.

Viltu bæta einhverju við? Hindranir eru margar, ekki hugsa of mikið út í þær. Sérstaklega ef þig langar að prófa eitthvað svona að vera ekki alltaf að hugsa „hvað ef?“ Vegna þess að stundum virkar þetta og stundum ekki. Það er yfirleitt alltaf einhver lausn á þeim vandamálum sem geta komið upp. Treysta innsæinu, yfirleitt er það nú nokkuð gott hjá okkur flestum.

Það var enginn að biðja okkur um að búa til færiband í upphafi en núna eru allir að biðja um það, þú skilur. Það bað enginn þennan gaur um að syngja en nú er hann að headline'á á öllum böllum. Þessu fylgir mikil vinna og álag en þegar þú ert að vinna að einhverju fyrir sjálfan þig þá ertu yfirleitt aldrei að þæla í því, þú vilt bara að þetta gangi upp. Ég mun klárlega stofna annað fyrirtæki síðar, hvort sem það myndi tengjast þessum bransa eða einhverju allt öðru. Sú reynsla að hafa gengið í gegnum þetta einu sinni áður, hefur opnað margar dyr.

Færibandíð samkvæmt fyrstu teikningu



Árshátíðarviðtöl

Ætlarðu að mæta á árshátíðina? Sem einn af skuggastjórnendum Mágusar sé ég ekki annað í stöðunni en að mæta á stærsta og skemmtilegasta viðburð ársins.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn á djamminu? Pabbakók, þá gamle moden. Það þarf ekkert alltaf að flækja hlutina.

Hvernig verður árshátíðardagurinn þinn? Árshátíðardagurinn er svona eins og jólin fyrir mér. Maður reynir að sofa út en eins og lítill krakki á jólnum þá er maður vaknaður fyrir allar aldir. Ég hef haft það að hefð að sækja Ella G í sælunni alltaf á Selfoss og við forum í lúguna á KFC og tökum einn Love Island í bílnum meðan við gröðgum í okkur einum BBQ boxmaster auka mæjól vel af kryddi. Svo er þetta í raun bara störukeppni við klukkuna að hún slái 14:00 því þá eins og alla aðra árshátíðardaga þá býður Kristinn Sölvi betur þekktur sem dáðasti sonur Selfossar til heljarinnar veislu í penthouse íbúðinni sinni. Snittur og bjór verða líklegast á boðstólunum ásamt einhverju meira gúmmelaði sem Kiddi okkar allra kokkar upp. Þetta endar oftast á því að Ingó Védurguð mætir og tekur upp gítarinn síðustu 30-40 mínúturnar en hann endar nú alltaf á því að skutla okkur strákunum á árshátíðina.

Á hvað hlustarðu til að koma þér í girinn? Sælan - Draumaland

Hvaðan verður outfitti kvöldsins? Ég mun klæðast sérsaumuðum fötum frá strákunum í Kölska. Þeir kokkuðu upp einhver rosaegustu kasmírullarföt sem ég hef séð enda sagði ég að "money is no object" eftir að Kristinn Sölvi sagðist ætla borga allt dressið mitt.

Hvar mun partyið halda áfram eftir árshátíðina? Haukur Andri er búinn að lofa mér alvöru 2007 style eftirpartyi á snekkju í höfninni hjá Hörpu en ég ætla reyndar að draga það stórlega í efa. Það er samt ekkert víst að þetta klikki.

Lag kvöldsins? Fyrir mér er þetta bara eitt lag, Draumaland með Sælunni.

Ætlarðu að mæta á árshátíðina? Já auðvitað!

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn á djamminu? Kaffeinn í kók.


Hvernig verður árshátíðardagurinn þinn? Vakna, gera mig til, djamma.

Á hvað hlustarðu til að koma þér í girinn? Cardi B.

Hvaðan verður outfitti kvöldsins? Eitthvað gamalt eða endurnýtt

Hvar mun partyið halda áfram eftir árshátíðina? Einhverstaðar niðri bæ.

Lag kvöldsins? „Blinding lights“ The weekend.



Hafþór Karlsson

Ætlarðu að mæta á árshátíðina? Yeehees ofc mæti ég, wouldn't miss it for the world!

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn á djamminu? Atm er pikusafi á Bankastræti 5 uppáhalds ;)

Hvernig verður árshátíðardagurinn þinn? Dagurinn verður siiick, byrja daginn í spa og svo fer ég í brunch með vinkonum, síðan er það gmt, drekka, njóta og djamma

Á hvað hlustarðu til að koma þér í girinn? Blinding lights með The Weeknd kemur mér alltaf í girinn, aaaah hvað ég dýrka þetta lag!

Hvaðan verður outfitti kvöldsins? Ekki ennþá búin að finna outfitið hehe en ég verð líklegast í þröngum og þæginglegum millisíðum kjól með fallegum details, í þæginglegum hælum og hlýjum og mjúkum pels.

Hvar mun partyið halda áfram eftir árshátíðina? Á B5 eða Sólón baby!

Lag kvöldsins? Óvá góð spurning, annaðhvort Blinding lights (hehe) eða drykk 3x



Kristín Rós Björnsdóttir

”

dagurinn verður siiick, byrja daginn í spa og svo fer ég í brunch með vinkonum, síðan er það gmt, drekka, njóta og djamma

Ætlarðu að mæta á árshátíðina? 100% líkur á því

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn á djamminu? Fer eftir stað og stund en bjórinn og þá sérstaklega Classic er alltaf í miklu uppáhaldi

Hvernig verður árshátíðardagurinn þinn? Markmiðið er að sofa eins lengi og ég mögulega get. Ætli við þurfum síðan ekki að hreyfa okkur eitthvað aðeins til að koma blóðina á hreyfingu. Höldum síðan heim á leið þar sem við drögum fram sparidressið og finnum til góða skapið. Síðan finnst mér líklegt að það verði tekið smá forskot á sæluna í drykk eða tveimur í göðra vina hópi áður en haldið verður á hátíðina sjálfa. Einfalt, þægilegt en stendur fyrir sínu.

Á hvað hlustarðu til að koma þér í girinn? Kvölds, morgna og sama hvernig viðrar þá er það Mr. Blue Sky með Electric Light Orchestra

Hvaðan verður outfitti kvöldsins? Ætli það verði ekki bara úr skápnum heima

Hvar mun partyið halda áfram eftir árshátíðina? Er að vonast eftir hópferð til Köben eftir 03:00

Lag kvöldsins? Let it go úr Frozen



Aron Jóhannsson



Helga Sól Árnadóttir

ÁRSHÁTIÐ

Mágusar



07.03.20

Perlunni



Jón Jónsson
VEISLUSTJÓRI



Friðrik Dór



DJ Dóra Júlía

HÚSIÐ OPNAR

KL 18:30

BORÐHALD HEFST

KL 19:30



Þú þjónusta


BREYTIÐ ÖLLU



Nýtt Íslandsbankaapp

Með nýja Íslandsbankaappinu sinnir þú allri helstu bankaþjónustu hvar og hvenær sem er. Í appinu getur þú greitt reikninga, dreift greiðslum, séð allt um kortin þín, sótt um lán, stofnað sparnað, nálgast rafræn skjöl og margt fleira.

Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavina í bankaþjónustu á Íslandi*
og sæktu nýja Íslandsbankaappið á islandsbanki.is/app



*Samkvæmt Íslensku á nægjuvöginni